

# Einstaklingsmiðun og námsmat



**Samtök áhugafólks um skólaþróun stóðu fyrir ráðstefnu um stöðu námsmats á öllum skólastigum. Ráðstefnan var haldin í Fjölbautaskólanum í Garðabæ 14. ágúst sl. Einn af fyrirlesurunum var Sigrún Björk Cortes. Grein hennar byggist á fyrirlestri sem hún hélta á ráðstefnunni.**

Segja má að á síðustu árum hafi umræða um einstaklingsmiðun í skólastarfi verið allsráðandi meðal skólaþólks. Hins vegar hefur ekki farið eins mikil fyrir umræðu um námsmat í einstaklingsmiðu kennsluumhverfi þótt ýmis teikn séu á lofti um aukna meðvitund skólaþólks um það atriði.

Í þessari grein er fjallað um námsmatsaðferðir sem viðhafðar hafa verið í 5. og 6. bekk í Salaskóla í Kópavogi frá skólaárinu 2004–2005. Upphaflega fóru þessar námsmatstilraunir fram í teymi fjögurra kennara sem ásamt greinarhöfundi eru þær Helena Katrín Hjaltadóttir, Ásgerður Helga Guðmundsdóttir og Guðrún Lára Halldórsdóttir. Þótt hópurinn hafi breyst stendur eftir heilmikið starf sem enn er í þróun hjá núverandi teymi kennara í 5. og 6. bekk. Ekki er hægt að fjalla um námsmat án þess að upp vakni spurningar um námskrá og tilgang námsmats eins og það er notað í dag, eða til hvers það ætti að vera notað, en slikum vangaveltum er ekki hægt að gera full skil í þessari grein þó tæpt sé á þeim.

## Hver er tilgangurinn með námsmati?

Eins og segir hér í upphafi hefur á undanförnum árum orðið mikil vakning meðal skólaþólks um einstaklingsmiðaða

kennsluhætti. En hvað er að einstaklingsmiða kennsluhætti, kennsluumhverfi, kennslu, nám eða hvað við nú viljum kalla þetta? Snýst það um að leggja ekki lengur áherslu á að bekkurinn sé allur á sama stað í kennslubókunum og að hægt sé að fara yfir heimavinnuna saman, öll í kór? Eða snýst það um að hugsa upp á nýtt allt ferlið –allan pakkann? Er hægt að einstaklingsmiða kennsluhætti, reyna að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur, hvetja hann áfram þaðan og skella svo öllum í gegnum sama námsmatið við annarlok? Flestir kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í starfi sínu og ég tel ekki síður mikilvægt að námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar, auk þess sem kveðið er á um það í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla að þannig skuli þeim málum vera háttar.

Ótal spurningar vakna þegar farið er að hugsa út í þessi mál af alvöru. Hver er tilgangurinn með námsmati? Að kanna bekkingu nemenda í ákveðnum fögum? Til hvers? Hvað er mikilvægast að vita eða kunna? Hver getur svarað því? Er yfir höfuð hægt að svara því? Er tilgangurinn með námsmati að kanna stöðu hvers nemanda innan nemendahópsins? Ef svo er hver er þá tilgangurinn með því? Er það fyrir nemandann sjálfan gert? Eða fyrir foreldrana? Kennarana? Til þess að geta flokkað og fundið stað fyrir alla? Til

þess að hægt sé að finna leiðir til að gera alla eins? Gilda sömu námsmarkmið fyrir alla nemendur? Ætti tilgangur námsmats e.t.v. að vera sá að hvetja nemendur til áframhaldandi náms?

Petta síðastnefnda er einmitt kjarni málsins að minu mati. Í mínum huga er námsmat í formi prófa ágæt aðferð til að staðnæmast á langri göngu, líta aðeins til baka og virða fyrir sér áfangann sem er að baki, kasta mæðinni, líta fram á við og skoða hvað er framundan áður en lagt er af stað að nýju.

## Námsmatstilraunir í Salaskóla

Í 5. og 6. bekk í Salaskóla eru fjórar bekkjardeildir. Árgöngunum er samkennt og hefur sú áhersla verið valin með tilliti til margra þátta, jafnt félagslegra, þroskalegra og námslegra auk þess sem færa má fyrir því sterk rök að slíkum vinnubrögðum fylgi nánast óhjákvæmilega einstaklingsmiðun í kennsluháttum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi námsumhverfi. Að sjálfsögðu er gengið út frá aðalnámskrá grunnskóla hvað varðar námsþætti og efnistök en skólastarfið er sveigjanlegt og kennarar hafa nokkuð frjálsar hendur um hvernig þeir kjósa að haga kennslunni.

Í 5. og 6. bekk í Salaskóla hafa verið notaðar mismunandi aðferðir við námsmat síðustu ár og í rauninni eru um við enn að prófa okkur áfram. Simat, umsagnir, jafningjamat, sjálfsmat, foreldramat, hefðbundin próf, samvinnupróf og einstaklingsmiðuð próf – allt er notað þó í mismunandi mæli sé og við kennararnir séum komnir mismunandi langt á veg

með að tileinka okkur hverja aðferð. Hér á eftir fer lýsing á tvenns konar námsmati sem við höfum verið að prófa okkur áfram með í kennslu áðurnefndra árganga, þ.e. samvinnuprófum annars vegar og einstaklingsmiðuðum prófum og prófavíkum hins vegar.

## Samvinnupróf

Sem „lokanámsmat“, þ.e.a.s. hluti af matsaðferð eftir að einhverjum áfanga lýkur, s.s. í líffræði eða samfélagsfræði, höfum við gjarnan notað það sem við kjósum að kalla samvinnupróf. Að uppbyggingu eru prófin í engu frábrugðin hefðbundnum prófum, eins og við öll þekkjum. Ef dæmi er tekið úr líffræði þá eru lagðar fyrir staðreyndaspurningar á borð við „hversu mörg bein eru í mannslíkamanum?“, krossaspurningar, satt og ósatt-spurningar, nemendur látnir merkja við líffærri inn á teikningu af líkamanum o.s.frv. Eini munurinn felst í próftökunni sjálfrí. Í stað þess að hver nemandi breytti prófið einn, án nokkura hjálparpagna, eru tveir til þríremendur saman um hvert próf. Ætlast er til að nemendur hjálplist að við að svara spurningunum og skiptist á að skrifa svörin – eða velji einn sem ritara. Gefin er ein einkunn og því mikilvægt að allir séu virkir og leggi sitt af mörkum. Gert er ráð fyrir að nemendur undirbúi sig fyrir prófið eins og venjan er; lesi heima, fari yfir vinnubókina ef um slíkt er að ræða, fái einhvern til að hjálpa sér heima fyrir eða hlýði hver öðrum yfir.

Þegar í prófið er komið fá nemendur að vita með hverjum þeir eiga að vinna. Þeir hafa ekki val um það en kennarinn velur saman nemendur út frá ýmsum þáttum, ekki síst færniþáttum. Meðan á prófinu stendur er nauðsynlegt að kennarinn fylgjist vel með því hvernig samvinnan er en það er í rauninni frekar auðvelt þar sem kennarinn hefur vegna fyrirkomulagsins „færri“ aðilum að sinna. Í skólastofunni eru prófaðstæðurnar því þannig að í stað t.d. tuttugu nemenda við einstaklingsborð eru 7–10 hópar sem grúfa sig yfir prófin sin og ráðgast um svörin. Í stofunni ríkir jákvæð spenna og nemendur líta á prófið

frekar sem skemmtilegt verkefni en próf. Það er hvískrað og pískrað, hlegið lágt og jafnvel stendur einn og einn upp til þess að hinir í hópnum geti reynt að glöggva sig á því t.d. hvernig þetta var nú með nýrun, hvar þau eru staðsett svona um það bil. E.t.v. teygir einhver fram fótlegg til að hreyfa mjaðmarlið og í framhaldi er það staðfest að það sé rétt sem þau héldu; þetta er kúluliður en ekki hjaraliður. Kink-að er kolli og nemendur eru ábúðarfullir og áhugasamir. Við þessar aðstæður höfum við kennararnir oft hreinlega horft á nemendur læra, séð hvernigatriði sem farið hefur verið í meðan á kennslunni sjálfri stóð síast inn og festast barna, í prófinu sjálfa. Séð hvernig rifjast upp fyrir einum á meðan annar kemur með mótað svar við spurningu.

Eftir prófið er hver nemandi beðinn að meta á þar til gerðu blaði hvernig samvinnan gekk og kennarinn hefur það svo til hliðsjónar þegar hann fer yfir prófin. Nánast undantekningalaust er mat nemenda á samvinnunni raunsætt og í takt við það sem kennarinn taldi sig verða vitni að á meðan á prófinu stóð. Nemendur fá svo umsögn í faginu um vinnubrögð, áhuga, iðni, samvinnu og verkefni auk þess sem þeir fá einkunn úr prófinu þar sem tekið er fram að um samvinnupróf hafi verið að ræða.

## Einstaklingsmiðuð próf og prófavika

Einstaklingsmiðuð próf er prófaform sem við, kennrarar í 5. og 6. bekk í Salaskóla, höfum þráð sjálfrí frá upphafi. Þar er um að ræða bæði útlit, innihald og fyrirlögnum prófanna og teljum við þetta prennit nánast jafn mikilvægt. Einstaklingsmiðuðu prófin höfum við notað sem nokkurs konar lokaverkefni í lok anna. Yfirleitt eru þetta próf í íslensku, stærðfræði og ensku en geta að sjálfsögðu einnig náð yfir önnur fög. Prófin eru samin með hliðsjónum af markmiðum annarinnar í hverju fagi en í stað þess að kennarinn semji eitt próf fyrir allan hópinn eru samin próf í premur þyngdarstigum. Þannig tekur íslensku-prófið t.d. á þáttum eins og orðflokkum,

nútið og þátið sagna og stigbreyingu lýsingarorða en á misjafnlega krefjandi hátt fyrir mismunandi einstaklinga. Í léttasta prófinu eru nemendur e.t.v. leiddir áfram með dæmum en í því þyngsta er ætlast til að þeir þurfi ekki á slíku að halda og jafnvel er bætt inn flóknari þáttum. Sami nemandinn gæti því t.d. verið með það sem við köllum „extra létt“ stærðfræðipróf því þannig háttar til að viðkomandi hefur einhverra hluta vegna afar lítið sjálfsbraust þegar kemur að stærðfræðinni og lokast nánast alveg í stærðfræðiprófum en er e.t.v. afburðafær í ensku og fær þar „extra þungt“ próf. Kennarinn þarf því að handvelja próf í hefti hvers nemanda, út frá væntingum til hvers og eins.

Nemendur eru meðvitaðir um að ekki fá allir eins próf en þeir þekkja ekki þyngdarstigin. Mismunandi þyngdarstig eru merkt með litum og nemendur vita ekki hvað hver litur merkir. Hver nemandi fær oll prófin sín saman, í fallégu og litriku hefti og fær eina klukkustund á dag í eina viku til að leysa þau, einn og án hjálparpagna, alveg eins og þegar um hefðbundið próf er að ræða. Mikið er lagt upp úr því að prófin séu falleg og litrik því það er sannfæring okkar að skemmtilegra og auðveldara sé að vinna verkefni sem eru falleg og áhugaverð en þau sem líta ekki út fyrir að vera annað en setningar og línum á hvítu blaði. Nemendur ákveða sjálfrí í hvaða röð þeir vinna prófin og geta flakkað á milli prófa eins og þeir vilja meðan á próftímanum stendur. Eftir próftímann hvern dag, nema síðasta prófdaginn, er tími sem við köllum „verkstæðistíma“. Þar fá nemendur tækifæri, með aðstoð kennslubóka, félaga sinna eða kennarans, til að undirbúa sig áfram og/eða glöggva sig frekar á þeim atriðum sem þeir sjá að þeir þurfa að fara betur í – að laga, eins og maður gerir á verkstæðum. Einnig geta þeir þegar heim er komið á daginn halddi áfram að undirbúa sig. Þeir sjá til hvers er ætlast af þeim og hafa tækifæri til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra en eru ekki búinir að missa af tækifærinu til að sýna hvað í þeim býr! Tekið skal fram að eftir próftímann hvern dag eru verkefnaheftin tekin af

„Nú, af hverju heldurðu það?”  
„Ég sá hamar undir hjónarúminu okkar í morgun.”

„Þetta er nú ekkert til að hafa áhyggjur af,” sagði Hafnfirðingurinn. „Ég held að konan mínn haldi framhjá mér með hestil!”

„Af hverju heldurðu það?”

„Nú ég sá knapa undir hjónarúminu okkar í morgun.”

(Bestu barnabrandararnir – algjört æði 2001:13)

Að lokum er óhætt að fullyrða að sögubrandarar eru mun stærri flokkur en tungumálsbrandarar. Ástæðurnar geta verið margvislegar og slíkir brandarar gefa meira svigrúm til eigin sköpunar þess sem segir þá en hinir. Tungumálsbrandara verða menn að muna oröréttu ef þeir vilja hafa þá eftir. Annars missa þeir marks. Það er eðlismunur á tungumálsbröndurum og sögubröndurum og þar spilar hin málfræðilega tvíræðni í tungumálsbröndurunum sjálfsgagt stórt hlutverk. Í þeim er sjaldnast nokkur formúla eða annað til

að auðvelda við að leggja þá á minnið og endurseiga. Þeir eru að visu stuttir og er það líklega það eina sem hjálpar þeim að sitja eftir í minnum.

## Heimildaskrá:

[Án höfundar] 1997. Bestu barnabrandararnir – meira til. Bókaútgáfan Hölar, Akureyri.

[Án höfundar] 1998. Bestu barnabrandararnir – brjálað fyrir. Bókaútgáfan Hölar, Akureyri.

[Án höfundar] 2000. Bestu barnabrandararnir – gegjað grín. Bókaútgáfan Hölar, Akureyri.

[Án höfundar] 2001. Bestu barnabrandararnir – algjört æði. Bókaútgáfan Hölar, Akureyri.

Attardo, Salvatore, D.H.Attardo, P.Baltes og M.J. Petray. 1994. „The linear organization of jokes: analysis of two thousand texts.” *Humour: International Journal of Humor Research*, 1(7): 27-54.

Cohen, Ted. 1999. *Jokes, philosophical thoughts on joking matters*. The University of Chicago, Chicago and London.

Davies, Christie. 1990. *Ethnic Humor Around the World – A Comparative Analysis*. Indiana University Press, Bloomington and Indianapolis.

Djókbók. 1996. Grín – bókmennatafélagið/Sparisjóður Hafnarfjarðar, [Hafnarfjörður].

Halldór Pjetursson. 1987. *Gamansögur og brandarar*. Útgefandi Bókamiðstöðin, [Reykjavík].

Hlæjum hátt með Hemma Gunn – 1000 brandarar og gamansögur úr öllum áttum. 1985. Hermann Gunnarsson tók saman. Setberg, Reykjavík.

Íslensk fyrndi – 150 skopsögur með myndum I-X. 1933-1976. [26 hefti] Sáfnad hefur Gunnar Sigurðsson, Reykjavík.

Kingsbury, Paul R. 2005, 23. mars. „Linguistics and Language Jokes.” Vefsíða: [www.ling.upenn.edu/~kingsbur/lingjokes.html](http://www.ling.upenn.edu/~kingsbur/lingjokes.html)


Mixtúra – gegn geðvonsku og síðemu skápi. 1993. Jón Kristinn valdi efnið. Rauðskinna, Hafnarfjörður.

Ómar Ragnarsson og Axel Ammendrup. 1982. *Krydd i tilveruna – íslenskar skopsögur og annað spé*. Vaka, bókaforlag, Reykjavík.

Ritchie, Graeme. 2004. *The Linguistic Analysis of Jokes*. Routledge, Taylor & Francis group, London og New York.

Höfundur stundar MA-nám við Há í blaða- og fréttamennsku.

Myndirnar teiknuðu nemendur í Garðaskóla.



## Fréttir af Nordspråk

Nordspråk er samstarfsvertravangur norrænna móðurmálskennara og þeirra sem kenna norræn mál sem erlend mál. Markmiðið er að efla og auka skilning norrænu þjóðanna á skandinavísku málunum, koma á tengslum og þjappa frændþjóðunum saman. Öll samskipti fara fram á skandinavísku málunum, dönsku, norsku og sænsku.

Edda Pétursdóttir, Guðlaug Guðmundsdóttir og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir eru fulltrúar SM í Nordspråk en auk þeirra eru þar tveir dönskukennrarar, Auður Leifsdóttir og Hafdís Kristmundsdóttir. Stjórn Nordspråk og fulltrúaráð hittast á haustfundi til að fara yfir starfsemi líðandi árs og leggja drög að námskeiðum og fundum næsta starfsárs. Núna var haustfundurinn haldinn í Þrándheimi í Noregi 14.-17. september.

Nordspråk gefur út margs konar kennsluefni, heldur úti metnaðarfullri heimasíðu og árlega eru haldin þrjú til fjögur námskeið en sumarnámskeiðið er þeirra umfangsmest og stendur í heila viku.

Í ár var sumarnámskeiðið haldið í Færeyjum og komust færri á það en vildu. Að sögn þátttakenda var vikan á eyjunum átján ógleymantlegt ævintýri.

Í Þrándheimi voru gerðar áætlunar um námskeiðin 2007. Stefnt er að sumarnámskeiði í Sigtuna í Svíþjóð 30. júlí til 4. ágúst og umfjöllunarefnið verði Raddir ungra rithöfunda. Að öllum líkendum verður Auður Jónsdóttir með fyrirlestur fyrir hönd Íslendinga.

Allir skuldausir félagar í Samtökum móðurmálskennara geta sótt um þátttöku í námskeiðum á vegum Nordspråk. Fylgist með auglýsingum á heimasíðum SM og Nordspråk: <http://www.nordskol.org/nordspraak>.